


Snjöll Pottastýring Leiðbeiningar fyrir uppsetningu.

1. Tengja skal Skjáinn við rafmagn L og N ef hann er ekki þegar klár í stýringu, staðsetja má skjáinn hvar sem er í húsinu svo framarlega sem hann geti tengst rafmagni og WiFi.



2. Hér skal velja hvort þú vilt geta stýrt bara heitum potti eða seinni valmöguleiki fyrir bæði heitan og kaldan pott.

Setja Skal Shelly Addon eininguna á eitt relay t.d Shelly 2PM og tengja við það hitanemana einn sem er fyrir flæði og hinn sem fer í pottinn, tengja þarf L og N á relay einingarnar og passa að herða mátulega, alls ekki of mikið, gott er að notast við 3x 0,7mm stýristreng úti pott fyrir hitanemann þar.

Tenging á hitannema við Shelly Addon

Rauður – VCC, gulur DATA, Svartur GND



Veldu tækin þín

Veldu einungis þau tæki sem þú vilt nota í pottastýringuna þína. (2 valin)

☒

shellyplus1pm-a0a3b3de01bc
á neti · 192.168.0.18

☐

shellyplus1-c82e180c09f4
á neti · 192.168.0.12

☒

shelly2pmg4-98a31670dda8
á neti · 192.168.0.8

Vantar tæki í listann? Ný tæki slökkva á uppsetningarnetinu eftir um 10 mínútur — taktu tækið af rafmagni, settu aftur í samband og ýttu á Leita aftur.

Leita aftur

Áfram

3. Hér skal velja þær Shelly einingar sem notast á við til að stýra Flæði og botnloka.


Næst fer stýringin í að setja einingarnar rétt upp fyrir pottastýringuna

Set upp hitaskynjara

Leita að viðbótum og virkja þær (tæki gætu endurræst sig)...

- shellyplus1pm-a0a3b3de01bc — tilbúið ✓
- shelly2pmg4-98a31670dda8 — tilbúið ✓






Hér er valið hvaða uppsetning hentar hverjum og einum eftir því hvernig botnloka þú ert með. Ef þú ert með botnloka sem stýrist af fasa í sitthvora áttina skal haka í efsta hakið en annars sleppa því.

4. Næst skal velja relay fyrir flæði og Botnloka í þessu tilfelli rás 0 fyrir flæði og 1 fyrir botnloka á Shelly 2PM einingu (athugið að það miðast við að botnloki stjórnist af L athugið að sumir botnlokar stjórnast af Neutral og þá þarf Shelly 1 einingu) hægt er að velja smella til að prófa hvort réttur loki virkjist.
5. Scrolla skal niður og velja hvor hitaneminn er fyrir Flæði og hinn fyrir pottahita. – hægt er að halda nemanum í hendi og sjá hitastig hækka til að sjá hvor er hvað.
6. Velja skal vista tæki.

Mælt er með að nota 3x0,75 stýristreng fyrir lögn að hitanema úti pott.





7. Hér skal vista uppsetninguna og velja vista og ljúka.




8. Næst kemur upp heimaskjárin og uppsetningin er klár.



9. Ef þú vilt geta fjarstjórnað pottinum úr síma skal fara í skrunhjól í hægra horni niðri og velja “breyta heimaneti” og velja úr lista það net sem notast á við og velja svo Tengja öll tæki og þá sér skjárin um að tengja allan búnað sem þarf á Wi-Fi.

Þegar stýringin er orðin tengd WiFi geturðu smeltt á QR kóðann neðst á skjánum og skannað hann með símanum og vistað á heimaskjá símans og þannig geturðu haft sama viðmót í símanum og er á skjánum.

Stillingar



Ef farið er í skrunhjól neðst í hægra horni geturðu stillt Óskahitastig, Þolvik = hvenær potturinn á að opna aftur fyrir streymi til að ná réttu hitastigi, mælt með a.m.k 1°. og hvenær Yfirhitavar á að grípa inní ef of heitt vatn fer að renna í pottinn, default 45°, einnig er hægt að velja seinkunartíma á því hvenæt botnloki opnar fyrir vatnsflæði en mælt er með að hafa það stillt í t.d 3 mín. Og hægt er að stilla offset á hitanemum ef þeir virðast ekki sýna alveg rétt.




Algengar spurningar

Af hverju kemur villa ? Óskahiti næst líklega ekki því flæðishiti er lægri en markmið – Blöndunarloki er þá stilltur á of lágt hitastig og því mun stýringin ekki ná umbeðnu hitastigi.

Tengimyndir

Hér er dæmi um tengimynd fyrir Uppsetningu þar sem Flæðiloka og Botnloka er stjórnað af sitthvorri snertunni á sömu Shelly einingunni.

Tenging — eitt Shelly 2PM Gen4 tæki



Hér er tengimynd sem á við þegar tæmingarloka er stjórnað af sér Shelly einingu fyrir t.d núll stýrðan tæmingarloka.xx

